

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 369/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Ágústi Halldórssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. ágúst 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. október nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. ágúst 1998.

Ár 1998, föstudag 28. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Ágústi Halldórssyni, kt. 280480-4879, Skúlagötu 78, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til 23. október nk. kl. 16.00.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. júlí sl. á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Málavextir eru þeir, að kærði var að kröfu lögreglustjórans í Reykjavík úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. júlí sl. allt til 28. ágúst kl. 16.00. Við yfirheyrslu í þinghaldi í tilefni gæsluvarðhaldsins játaði kærði að hafa framið fjölda hegningarlagabrota á tímabilinu apríl-maí sl. Var þar um að ræða tuttugu kærur á hendur honum fyrir innbrot og þjófnað, fjársvik, gripdeild og misnotkun skráningarmerkja.

Lögreglan hefur margoft haft afskipti af Ágústi vegna afbrota, innbrota og þjófnaðar sem og vegna umferðarlagabrota. Hinn 17. desember 1997 hlaut hann sjö mánaða dóm fyrir þjófnað og önnur hegningarlagabrot sem og umferðarlagabrot, skilorðsbundinn í þrjú ár.

Þrátt fyrir framangreindan dóm og skilorð hefur kærði haldið uppteknum hætti og haldið áfram afbrotum og á þessu ári framið fjölda afbrota.

Lögreglan telur, að stöðva beri langan brotaferil kærða og að yfirgnæfandi líkur séu á, að hann haldi áfram brotastarfsemi sinni, fari hann frjáls ferða sinna, og beri því nauðsyn til, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Við yfirheyrslu fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa undanfarna mánuði framið sautján innbrotþjófnaði, oftast í félagi við aðra. Þá hefur hann viðurkennt fjársvik, gripdeild og misferli með skráningarmerki bifreiðar.

25. þ. m. var gefin út ákæra á hendur kærða fyrir að hafa framið sextán umferðarlagabrot, átta hegningar- og umferðarlagabrot, sex auðgunarbrot og tvö fíkniefnalagabrot, en auk þess er hann einnig ákærður fyrir að hafa í félagi með öðrum framið 27 hegningarlagabrot, svo sem þjófnað, eignaspjöll, nytjastuld og hylmingu. Voru þessi brot framin á tímabilinu frá lokum september 1997 og fram í júlí á þessu ári.

Verjandi ákærða hefur mótmælt kröfunni og bent á, að kærði geti nú þegar farið í meðferð vegna ávana- og fíkniefnanotkunar í Krýsuvík, og séu því ekki lengur skilyrði til að framlengja gæsluvarðhald hans. Einnig bendir hann á, að unnt hefði verið að gefa út ákæru, fyrr en raun varð á.

Fram er komið, að ofangreind ákæra á hendur kærða var send dómnum í dag, en hún hefur ekki verið birt kærða. Þegar litið er til sakaferils kærða, sem ekki hefur látið af brotum þrátt fyrir skilorðsdóm í desember sl., þar sem hann var dæmdur í sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, fellst dómurinn á, að hætta sé á, að kærði haldi áfram brotum, verði hann látinn laus. Skilyrði c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eru því samkvæmt framansögðu til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík og úrskurða kærða í gæsluvarðhald, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til föstudagsins 2. október nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ágúst Halldórsson, kt. 280480-4879, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til föstudagsins 2. október nk. kl. 16.00.
